

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um heimild til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 varðandi lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti og Ernu Hjaltsted, Gunnlaug Helgason og Mörtu Margréti Rúnarsdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrirhugaða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

Reglugerð (ESB) 2017/1129 kemur í stað núgildandi regluverks um lýsingar. Gerðin kveður á um ákveðnar breytingar á samræmdum reglum frá fyrra regluverki, en hún felur einnig í sér kerfi tilkynninga eftirlitsstjórnvalda á staðfestum lýsingum til annarra eftirlitsstjórnvalda innan ESB, vegna viðskipta yfir landamæri (e. *passporting*). Markmið reglugerðarinnar er að tryggja fjárfestavernd og skilvirkni markaða samhliða því að bæta innri markaðinn með fjármagn. Greiða á aðgengi fyrirtækja að fjármögnun, þá sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með ýmiss konar einföldun á reglum og stjórnsýslumeðferð.

Tillögunni var vísað til nefndarinnar 19. mars sl. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn 29. mars sl. með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Í ljósi þessa telur nefndin rétt að leggja til breytingu á tillögunni svo vísað sé til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar með hefðbundnum hætti. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála. Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 30. september 2019.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar og er í forgangi af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Fyrirhugað er að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2019.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Alþingi, 3. apríl 2019.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,
form.

Bryndís Haraldsdóttir,
frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Logi Einarsson.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Smári McCarthy.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.